

Fundur haldinn í **skipulags- bygginganefnd** Reykhólahrepps

mánudaginn 8. desember 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson,
Guðmundur Ólafsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsókn dags. 1. des. 2008 frá Böðvari Jónssyni fyrir hönd Þjóðarráðs bahaða á Íslanddi með ósk um stöðuleyfi fyrir geymslugám á skógræktarsvæðinu í landi Skóga í Þorskafirði. Samþykkt að veita stöðuleyfi í eitt ár.
2. Umsókn dags. 14. október 2008 frá Svanhildi Jónsdóttur með ósk um samþykki fyrir að einangra og klæða að utan íbúðarhúsið Krákuvör í Flatey. Samþykkt.

Önnur mál.

1. Umsókn dags. 4. des. 2008 frá Snæbirni Jónssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús í Krossnesi (landnr. 212-2605). Samþykkt með fyrirvara um að fullunnar bygginganefndarteikningar berist.
2. Umsókn dags. 4. desember 2008 frá Bjarna Ólafssyni um leyfi til að byggja pall við Ljósheima í Króksfjarðarnesi, setja dyr úr stofu út á pallinn, steypa bílaplan neðan og vestan við húsið og setja hurð og glugga í kjallaraop á vesturgafli hússins. Erindið samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið 15:53.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Eiríkur Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Guðmundur Ólafsson (sign)
Bogi Kristinsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)